

greindri fjárhæð frá þeim degi til 12. júlí 1965 og 8% árs-
vöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og
kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms
þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 43/1968. **Ákærvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hermanni Bæringssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tolllagabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra
nýrra gagna og vitnin Zakarías Hólm Hjartarson tollgæzlu-
maður og Óskar Ágúst Sigurgeirsson skipstjóri komið fyrir
dóm og gefið skýrslur.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi og háttsemi
ákærða þar réttilega færð til refsíákvæða. Þykir mega stað-
festa héraðsdóminn að öðru en því, að eftir málavöxtum
þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 sekt til
ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, verði hún
ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00,
og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr.
6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bæringsson, greiði kr. 5.000.00 sekt

til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. ágúst 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 31. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 360/1967: Ákærvaldið gegn Hermannni Bæringssyni, sem tekið var til dóms 25. júlí s.l.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 16. desember 1966, höfðað á hendur Hermannni Bæringssyni vélstjóra, Barmahlíð 51 í Reykjavík, fæddum 2. desember 1908 í Keflavík í Rauðasandshreppi, fyrir smygl með því að hafa við komu m/s Brúarfoss, sem ákærði var 1. vélstjóri á, til Íslands frá Bandaríkjum Norður-Ameríku flutt inn 1 kæliskáp af General Electric gerð, án þess að skápurinn væri skráður á tilskin skjöl, en við komu skipsins til Keflavíkur hinn 27. marz 1965 fannst skápurinn við tollleit í skipinu og var þá skráður á pakkalista, en síðan skipað upp úr skipinu og tekinn í vörzlur tollgæzlunnar í Reykjavík, þegar skipið kom þangað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og 34.—36. gr., sbr. 102. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1957.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar auk þess sem nefndur skápur verði upptækur gerður samkvæmt 4. mgr. 38. gr. nefndra tolllaga.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. marz 1965 kom m/s Brúarfoss til Keflavíkur frá New York. Við tollskoðun í skipinu fundu tollverðir m. a. kæliskáp af General Electric gerð, model TCF-160. Skápur þessi stóð við geymsluhús aftast í skipinu, og var segl breytt yfir umbúðir

skápsins. Við athugun kom í ljós, að kæliskápurinn var eigi færður á farmskrá né á skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi. Við eftirgrennslan tollvarða gaf sig fram sem eigandi skápsins Hermann Bæringsson, vélstjóri á skipinu, ákærði í máli þessu. Vegna aðstæðna um borð í skipinu, m. a. vegna þilfarsfarms, tóku tollverðir skápinn eigi í sínar vörzlur, fyrr en skipið kom til Reykjavíkur nokkru síðar, en þegar var útbúin af tollvörðum auka-farmskrá, nokkurs konar innanlandsfarmskrá, um skápinn.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að kæliskápurinn hafi hann keypt í New York í umræddri för skipsins fyrir hluta af kaupi sínu, er hann fékk útborgað í gjaldeyri. Hann hafi fengið leyfi skipstjóra til að flytja skápinn með skipinu frá Bandaríkjunum. Hann hafi hins vegar gleymt því með öllu að færa skápinn á farmskrá eða skrá yfir skipverja og vörur þeim tilheyrandi. Hann hafi ekki sagt tollvörðum til skápsins við komu skipsins til Keflavíkur. Er tollafgreiðsla skipsins stóð þar yfir, hafi skipstjóri, sem var í fylgd með tollverði, spurt sig um, hvort hann hefði gleymt að færa skápinn á skrá. Þá hafi hann rankað við sér. Honum hafi skilizt á skipstjóra og tollverði, að skápurinn yrði færður þá á svokallaðan pakkalista til að koma honum í skjöl skipsins.

Ákærði kveðst á engan hátt hafa falið skápinn í skipinu. Hann hafi hulið umbúðir skápsins með segli vegna veðurs.

Með innflutningi ákærða á greindum kæliskáp, svo sem rakið hefur verið hér að framan, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít nr. 68/1956 og 34. gr. og 36. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1957.

Kæliskápurinn hefur verið metinn til tollverðs á kr. 15.000.00.

Ákærði hefur hlotið refsingar sem hér segir:

1930 í Reykjavík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1950 12/7 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum öllum hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Svo sem krafizt er í ákæru og samkvæmt 4. mgr. 38. gr. toll-laga, er umgetinn kæliskápur gerður upptækur til handa ríkissjóði.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Nokkur dráttur hefur verið á uppkvaðningu dóms þessa vegna sumarleyfa.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bæringsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Til handa ríkissjóði er gerður upptækur kæliskápur af General Electric gerð, model TCF-160.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 125/1968. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Lárusi Hallbjörnssyni (Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tollgabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.